



Heitavatnsborun á Flúðum,  
Hrunamannahreppi

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-85-08**

---

## HEITAVATNSBORUN Á FLÚÐUM, HRUNAMANNAHREPPI

Hitaveitan á Flúðum notar tvær borholur, holu 4, sem er 205 m djúp og gefur um 13 l/s af sjóðandi vatni og holu 5, sem er 321 m á dýpt og gefur um 29 l/s af 97°C heitu vatni. Hér er um að ræða hámarksrennsli eftir lítið sumarálag. Rennsli er minna, þegar mikið samfelld álag er á hitaveitunni. Á borsvæðinu eru laus jarðlög um 40 m á þykkt. Sumar af borholunum komu í sjóðandi vatn neðst í lausu lögunum, en það hefur verið fóðrað af í vinnsluholunum. Mest kom í holu 4, um 10 l/s. Vatnið í henni var fóðrað af vegna þess að þurrð kom fram í nálægum eldri borholum og hverum.

Enn renna 5-5,5 l/s af sjóðandi vatni úr þremur gömlum borholum og hverum á borsvæðinu á Flúðum. Með nýrri grunnri holu (50 m) er stefnt að því að sameina þetta vatn og fá helst meira. Ný borhola var staðsett á milli þeirra tveggja sem gáfu mest vatn úr lausu lögunum (holu 1 og 4) og stærsta hversins (sjá meðf. kort). Sjálfrennsli á svæðinu hefur verið óbreytt a.m.k. síðan 1967, þannig að umsjónarmönnum hitaveitunnar er ekki láandi þótt þeir horfi hýru auga til ódýrrar holu sem sækir vatn í lausu lögin á ca 40 m dýpi. Nokkuð víst ætti að vera um árangur, e.t.v. gæti þó þurft að örva vatnsleiðnina með ádælingu í lok borunar. Miðað við 8" fóðrigu í 35 m er þess tæplega að vænta að holan verði dýpkuð síðar, ef ósk kæmi fram um dýpri borun á þessum stað.